16. nóvember 2020.

Til minnis vegna aðstöðu fyrir hjólabrettastarfsemi

Hjólabrettafélag Reykjavíkur telur sig þurfa húsnæði sem er að lágmarki 700 fm.
Tveir staðir hafa verið skoðaðir og eru þeim mismunadi af stærð.
Leigufjárhæð á ári er 11.5 mkr. til 18.0 mkr.
Hjólabrettafélagið telur að það þurfi 40 æfingatíma pr. viku fyrir starfsemi sína.
Samkvæmt samantekt ÍBR um jaðaríþróttir kemur fram hjá Hjólabrettafélagi Reykjavíkur að iðkendur yngri en 18 ára hjá félaginu séu 840.

HJÓLA BRETTA FÉLAG
REYKJAVÍKUR

# *Hjólabrettafélag Reykjavíkur / Innanhúsaðstaða*

**Lágmarks stærð á húsnæði er:**
700 fm.

**Lágmarks lofthæð á húsnæði er:**
3,80 metrar.

-----

**Nauðsynlegt er að hafa í húsnæðinu:**
Slétt og steypt gólf, Loftræstikerfi, klósett, hita, kalt rennandi vatn.

-----

*Námskeið Hjólabrettafélag Reykjavíkur nemur um 40 klst á viku, og fer fjölgandi.*

ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík 11. September 2020

Efni: Hjólabrettafélag Reykjavíkur

Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur farið yfir erindi Hjólabrettafélags Reykjavíkur varðandi aðstöðu fyrir starf félagsins. Miðað við umfang starfseminnar væri heppilegast að félagið deildi aðstöðu með fleiri félögum eða öðrum aðilum sem þurfa sambærilega aðstöðu. Gerð yrði tímatafla fyrir þá aðstöðu líkt og gert er í öðrum mannvirkjum og tímum skipt milli aðila á sanngjarnan hátt en eins gæti þá aðstaðan verið opin á öðrum tímum fyrir frjálsa iðkun, mögulega gegn gjaldi. Til staðar er aðstaða í Dugguvogi sem þó mun aðeins vera tímabundin vegna þess að rífa á húsnæðið á næstu árum. Í umræðunni eru hugmyndir um framtíðarhúsnæði fyrir jaðaríþróttir saman á einum stað.

Með kveðju,

f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri